


ALMENNAR UPPLÝSINGAR 2019-2020



Tilkynningar til skóla

- Það er regla að láta skólann vita af veik-indum eða leyfum nemenda á hverjum degi sem þau eru fjarverandi, nema um langtíma veikindi eða leyfi sé að ræða sem tilkynnt hefur verið fyrirfram.
- Það er nauðsynlegt að láta skólann vita milli klukkan 8:00 og 8:30 ef nemandi er fjarverandi þann daginn. Skilaboðum á að koma beint til starfsmanna á skólatíma eða í tölvu-pósti. Ekki skal tilkynna forföll nemenda við starfsfólk skólans utan þeirra vinnutíma. Þegar forföll eru tilkynnt með tölvupósti á að senda á bæði ritara og umsjónarkennara.
- Ef nemandi þarf leyfi í 1 til 2 daga þá veitir ritari/umsjónarkennari leyfið. Ef það er til lengri tíma verður að koma inn skrifleg beiðni frá foreldrum með góðum fyrirvara. Eyðublað er á heimasíðu Auðarskóla og hjá ritara og skal því komið til ritara.
- Mikilvægt er að bílstjórum sé tilkynnt ef breytingar verða á ferðum nemenda. Skólinn þarf einnig að fá upplýsingar um það ef nemandi sem alla jafna fer með skólabíl á ekki að fara með bílnum þann daginn.

Stuðningskerfi skólans

- Sérkennari skólans hefur samband við foreldra þeirra nemenda sem njóta sérkennslu. Fer hann yfir markmið og innihald sérkennslunnar. Netfang sérkennara er bergthora@audarskoli.is
- Eineltisáætlun skólans má nálgast á heima-síðu Auðarskóla. Mikilvægt er að foreldrar láti okkur vita ef þeir hafa grun um einelti eða samskiptaörðugleika hjá börnum í skólanum. Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að koma í veg fyrir einelti og í því samhengi er mikilvægt fyrir foreldra að láta okkur vita ef grunur er um slíkt.
- Við Auðarskóla starfar nemendavernd. Í henni sitja skólastjóri, sérkennari, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur. Meðal hlutverka hennar er að taka við umsóknum fyrir greiningar og aðra sérfræðiþjónustu fyrir nemendur. Eyðublað er hægt að nálgast hjá skólanum fyrir þær umsóknir.

Reglur

- Nemendur í 1. - 4. bekk eru ekki með síma eða tölvur í skólanum. Ef nemendur þurfa að vera með síma á sér, þá er hann ofan í tösku hjá þeim eða þau geyma hann hjá ritara. Síminn er alltaf á eigin ábyrgð og með leyfi forráðamanna.
- Nemendur 5. - 10. bekkjar mega vera með síma í skólanum en hann er alltaf á þeirra ábyrgð og með leyfi foreldra. Þau hafa leyfi til að vera í símanum í frímínútum en inni kennslustofu verða þau að fá leyfi kennara til þess að taka upp símann. Ef nemandi ræður ekki við að fara að fyrirmælum starfsfólks eða virða þau mörk sem skólinn setur varðandi símanotkun, mælist skólinn til að nemendur komi ekki með símann í skólann.
- Í íþróttahúsi og sundlaug skólans eru símar, tölvur og myndavélar með öllu bönnuð. Búningsklefar eru sérstaklega viðkvæmir staðir þar sem nemendur eru að skipta um föt. Verða nemendur sem eru með síma eða tölvu að láta hann/hana af hendi hjá ritara eða geyma í skólastofu. Þetta á líka við um þá nemendur sem eru veikir og fá að fylgjast með.
- Vegna nýrra persónuverndarlaga hefur verið tekin upp sú vinnuregla að þegar foreldrar eða aðrir koma í skólann er ætlast til þess að allir geri grein fyrir sér við skólaritara þegar komið er inn í skólann.



Praktísk atriði

- Það er mikilvægt að nemendur komi alltaf í skólann klæddir eftir veðri og að öll föt séu vel merkt.
- Í hverri viku fá foreldrar vikuloka/upplýsingabréf frá umsjónarkennurum. Þar segja þeir frá því sem gert var í vikunni og hvað sé á döfinni. Mikilvægt er að foreldrar lesi alltaf þessi bréf.
- Mentor er samskiptatæki skólans. Ef foreldrar eru ekki komnir með aðgang að mentor, sendið þá póst á ritara skólans.
- Á heimasíðu skólans koma inn fréttir og aðrar tilkynningar af skólastarfinu. Þar er einnig hægt að nálgast aðrar áætlanir og skólareglur.
- Lestur er grunnstoð í öllu námi. Við Auðarskóla er ætlast til þess að foreldrar styðji vel við

lestrarnám sinna barna og aðstoði þau við heimalestur.

- Skólasíminn er opinn mánudaga til fimmtudaga frá 8:00-15:30 og á föstudögum frá 8:00-12:30.
- Kennslu lýkur á mánudögum klukkan 14:20 og þá fara skólabílar heim. Börn á yngsta stigi sem búa í þorpinu geta þó verið í gæslu til 15:10 eins og hina dagana en þurfa foreldrar að fylla út sérstakt eyðublað ef þau mega fara heim klukkan 14:20 á mánudögum.

Í lokin

- Það er ávísun á farsæla skólagöngu að foreldrar séu í góðum samskiptum sín á milli innan hópa sinna barna. Ef vandamál koma upp er boðleiðin á milli foreldra styttri ef þeir þekkja hvern annan. Því er öflugt foreldrastarf í hverjum bekk/hóp æskilegt. Skólinn vill með öllum ráðum og dádum styðja við það starf, svo hafið samband ef einhverja aðstoð vantar. Við höfum t.d. oft lánað skólann til að halda bekkjarkvöld.
- Ef þið hafið athugasemdir eða spurningar varðandi skólastarfið, verið þá dugleg að hafa samband við okkur.
- Við viljum gera okkar besta til þess að skapa jákvæðan og góðan skólabrag í skólasamfélaginu okkar. Ef við erum hreinskilin og uppbyggileg í samskiptum verður skólastarfið alltaf betra og farsælla.
- Á heimasíðu Auðarskóla, undir “útgáfa” er að finna starfsáætlun skólans þar sem hægt er að lesa sig til um allar nánari útlistingar um skólann.



Helstu netföng:

Skólastjóri hlodver@audarskoli.is
Aðstoðarskólastjóri keli@audarskoli.is
Skólaritari audarskoli@audarskoli.is

Aðalnúmer skólans er 430 4757

Hlöðver Ingi Gunnarsson
skólastjóri